


Rattleikur í Náttúrugripasafninu



Hagnýtar upplýsingar fyrir leikinn:

- Athugið að hægt er að skanna QR kóða með myndavélum snjallsíma eða í spjaldtölvum.
- Miðum með QR kóðum hefur verið komið fyrir hér og þar um Náttúrugripasafnið og með því að skanna kóðana opnast vefsíður þar sem finna má svör við spurningunum og sitthvað fleira skemmtilegt.
- Staðsetning miðanna gefur einnig vísbendingu um svarið.

Gangi ykkur vel!



Spurningar

Svör



1. Hvaða vaðfugl er gjarnan kallaður mýrispýta eða mýrisnípa?

2. Hvaða fugl flýgur lengst allra íslenskra fugla?

3. Hvaða fugl er sagður vella?

4. Hver er minnsta fuglategundin á Íslandi?

5. Ungi hvaða fuglategundar nefnist kofa eða pysja?

6. Hvaða dýrategund er mikilvægasta fæða fálkans á Íslandi?

7. Hver er stærsti máfurinn sem verpir á Íslandi?

8. Hvaða fugl dregur nafn sitt af því að velta steinum og þangi í fjörunni?

9. Hvað kallast veiðiaðferð súlunnar?

10. Hver er stærsti varpfugl Íslands?

11. Hver er minnsta öndin sem verpir á Íslandi?

12. Hvaða andategund er ein mikilvægasta hlunnindategund á Íslandi og gefur okkur verðmætan dún?

